

**Ed.**

**464. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 11, 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 38, 3. nóv. 1915, um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

2. gr. laga nr. 11, 4. júní 1924, skal orða svo:

Umsjónarmaður kirkjugarðsins í Reykjavík innheimtir legkaupið, og fylgir því lögtaksrjettur. Fjármálaráðuneytið setur reglur um fjárskil og bókhald, metur tryggingu, er umsjónarmaður setur fyrir fjárgæslu, og ákveður þóknun til hans fyrir innheimtuna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.